



Til aðildarhafna Hafnasambands Íslands

Reykjavík 30. janúar 2020

2001002HA GG/vrh
Málalykill: 31.60

Efni: Kórónasmit og sóttvarnaráætlun

Sem kunnugt er breiðist nú út svonefnt kórónasmit, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur fundað um og mun fjalla um áfram. Íslensk yfirvöld, landlæknir og sóttvarnarlæknir hafa þegar brugðist við og á þeim vettvangi verður verkefnið augljóslega áfram til umfjöllunar. Að svo stöddu beinist athyglin helst að Keflavíkurflugvelli, sem er megin gátt fólksflutninga til og frá landinu, en hið sama á eflaust við um aðra flugvelli sem sinnt geta millilandaflug. Hins vegar er mikilvægt að minna hafnir á stöðu þeirra og hlutverk í þessu sambandi. Annars vegar vegna millilandasinglinga með vörur en hins vegar og ekki síst vegna farþegaskipa, sem hefja árlegar siglingar til landsins þegar líður á maímánuð.

Minnt er á að árið 2017 var staðfest og gefin út viðbragðsáætlun vegna sóttvarna hafna og skipa, en áætlunin er landsáætlun. Í ljósi þróunar mála er eindregið mælst til þess að hafnir kynni viðbragðsáætlunina sérstaklega fyrir starfsmönnum hafnanna og þeim sem mikilvægt er að þekki til ferla áætlunarinnar ef á þarf að halda. Hafnasambandið mun fylgjast með þróun mála og fá nánari leiðbeiningar um forvarnir og viðbrögð frá sóttvarnarlæknii eftir því sem tilefni er til.

Virðingarfyllst

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

Afrít: Pórólfur Guðnason, sóttvarnarlæknir

